

# SKIPULAGSSKRÁ

## fyrir Listahátíð í Reykjavík.

### 1. gr.

#### *Heiti, varnarþing og heimili.*

Listahátíð í Reykjavík er sjálfseignarstofnun (hér eftir nefnd „stofnunin“ og „Listahátíð“) með sérstaka stjórn. Heimili og varnarþing er í Reykjavík.

### 2. gr.

#### *Markmið og hlutverk.*

Markmið Listahátíðar er að efla menningar- og listalíf á Íslandi, almenningi til heilla. Verði hagnaður af starfsemi stofnunarinnar þá verður honum varið í þágu þessa markmiðs.

Hlutverk Listahátíðar er að skipuleggja og standa að listahátíðum í Reykjavík á sviði tónlistar og söngs, leik- og danslistar, bókmennta, myndlistar, hönnunar og fleiri listgreina annað hvert ár. Hafa skal metnaðarfulla listsköpun að leiðarljósi og kappkosta að tefla fram framúrskarandi listafólki af hinu alþjóðlega sviði og því besta sem býr í listmenningu þjóðarinnar. Sérstaka áherslu ber að leggja á inngildingu, nýsköpun og þá þætti íslenskrar menningar sem skapa henni sérstöðu í samfélagi þjóðanna.

### 3. gr.

#### *Stofnendur.*

Stofnendur Listahátíðar voru árið 2009 menntamálaráðuneytið, kt. 460269-2969 og Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609.

Stofnfé er kr. 1.000.000, sbr. 10. gr. og er greitt að jöfnu með reiðufé af stofnendum.

Fulltrúaráð á aðild að Listahátíð í Reykjavík og skulu fulltrúar þess greiða árgjald 1. september ár hvert eins og það er ákvarðað af stjórn á hverjum tíma. (Sjá félagssamþykktir fulltrúaráðs).

Listahátíð er heimilt að stofna til samstarfs við aðra aðila og stofnanir í öðrum sveitarfélögum um listviðburði, sem og við aðila og stofnanir erlendis.

### 4. gr.

#### *Stjórn.*

Stjórn Listahátíðar skal skipuð þremur einstaklingum. Skal einn tilnefndur af ráðherra sem fer með menningarmál, einn tilnefndur af borgarstjóranum í Reykjavík og einn kosinn á aðalfundi fulltrúaráðs Listahátíðar í Reykjavík. Fólk í stjórn er skipað til tveggja ára í senn. Fulltrúar ráðherra sem fer með menningarmál og borgarstjóra gegna formennsku og varaformennsku í stjórn til skiptis, tvö ár í senn. Heimilt er að skipa einstakling í stjórn til eins árs ef nauðsyn krefur, til dæmis ef tryggja þarf skörun við endurnýjun stjórnar. Æskilegt er að stjórn sé skipuð einstaklingum af ólíkum kynjum.

### 5. gr.

Stjórnin heldur fundi svo oft sem þurfa þykir. Stjórnarfundur er ályktunarbær ef formaður og a.m.k. annar hinna einstaklinganna í stjórn sækir hann. Stjórnin ber ábyrgð á rekstri stofnunarinnar og fjárreiðum og samþykkir fjárhagsáætlanir.

Stjórn setur sér starfsreglur til að starfa eftir.

Stjórnin ákveður, að fenginni tillögu listræns stjórnanda, hvenær listahátíð hvers árs skuli haldin og hvaða megin sjónarmið skuli viðhöfð við skipulagningu og framkvæmd hvernar hátíðar.

Stjórnin ræður listrænan stjórnanda til þess að móta og sjá um framkvæmd dagskrár fyrir hverja hátíð. Listrænn stjórnandi ber ábyrgð gagnvart stjórn á öllum rekstri Listahátíðar í listrænu og fjárhagslegu tilliti. Listrænn stjórnandi ræður framkvæmdastjóra í samráði við stjórn, til þess að annast daglegan rekstur stofnunarinnar í umboði hans.

Samþykki allra einstaklinga í stjórn þarf til ráðningar þessara aðila.

Allar meiriháttar fjárskuldbindingar stofnunarinnar eru háðar samþykki stjórnar.

6. gr.  
*Starfsfólk.*

Listrænn stjórnandi Listahátíðar er fullt starf. Viðkomandi er ráðin/n/ð af stjórn til allt að fjögurra ára í senn. Stjórn er heimilt að endurráða stjórnanda einu sinni í allt að fjögur ár án auglýsingar. Starf listræns stjórnanda skal auglýst laust til umsóknar í fjölmiðlum. Í ráðningarsamningi stjórnanda skal kveðið nánar á um starfskjör og starfstíma.

Listrænn stjórnandi mótar dagskrá hvernar hátíðar og er ábyrgur fyrir framkvæmd hennar gagnvart stjórn. Stjórnandi skal leggja fjárhagsáætlun hvernar hátíðar fyrir stjórn til samþykktar og er hann ábyrgur fyrir framkvæmd hennar gagnvart stjórn.

Listrænn stjórnandi ræður starfsfólk til stofnunarinnar að fengnu samþykki stjórnar.

7. gr.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur Listahátíðar, vinnur að fjáröflun, undirbýr gerð fjárhagsáætlunar og reikningsskila og situr stjórnarfundum, allt í samráði við listrænan stjórnanda og í umboði hans. Ráðningartími framkvæmdastjóra skal miðast við allt að fjögur ár í senn en heimilt er að framlengja ráðningu hans í allt að fjögur ár til viðbótar, án auglýsingar. Starf framkvæmdastjóra skal auglýst í fjölmiðlum þegar það er laust til umsóknar. Nánar skal kveðið á um starfskjör og starfstíma framkvæmdastjóra í ráðningarsamningi.

8. gr.

Listrænn stjórnandi skal leggja fjárhagsáætlun fyrir stjórn til samþykktar sem svo kynnir hana fyrir fulltrúaráði. Listrænn stjórnandi skal fyrir lok maímánaðar ár hvert leggja fyrir stjórn stofnunarinnar skýrslu um starfsemi liðins starfsárs og ársreikning.

9. gr.

Listrænn stjórnandi skal, með samþykki stjórnar, skipa allt að fimm einstaklinga í dagskrárnefnd fyrir hverja hátíð, stjórnanda til ráðgjafar. Stjórn Listahátíðar ákveður þóknun fyrir nefndarsetu. Listrænn stjórnandi stýrir fundum nefndarinnar. Framkvæmdastjóri situr fundi dagskrárnefndar og er þar listrænum stjórnanda til aðstoðar.

10. gr.  
*Fjármál.*

Sem sjálfseignarstofnun hefur Listahátíð sjálfstæðan fjárhag og frá og með stofndegi tekur hún við öllum verkefnum, eignum og skuldbindingum Listahátíðar í Reykjavík.

Reikningsárið er almanaksárið. Endurskoðaðir reikningar skulu kynntir á aðalfundi fulltrúaráðs. Stjórn stofnunarinnar skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár og mega þeir ekki koma úr röðum stjórnar.

Reikningar skulu sendir Ríkisendurskoðun og skrifstofu borgarstjóra eigi síðar en 30. júní ár hvert fyrir næstliðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé stofnunarinnar hefur verið ráðstafað á því ári.

11. gr.

Stofnendur ábyrgjast fjárstuðning til stofnunarinnar samkvæmt sérstökum samningi.

Stofnuninni er heimilt að leita eftir fjárstuðningi hjá öðrum aðilum.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum.

12. gr.

Stjórn stofnunarinnar getur með samhljóða samþykkt breytt skipulagsskrá þessari. Breytingar á skipulagsskránni verða aðeins samþykktar á löglega boðuðum fundi stjórnar enda hafi tillaga um slíkar breytingar verið kynnt í fundarboði. Hið sama á við um ákvörðun um slit stofnunarinnar eða sameiningu hennar við aðra aðila. Þegar lögmæt ákvörðun liggur fyrir um slit stofnunarinnar eða sameiningu við aðra aðila kveður stjórnin á um hvernig fara skuli með eignum stofnunarinnar í samræmi við markmið hennar. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Norðurlandi vestra.

13. gr.

Samkvæmt 4. gr. reglugerðar nr. 140/2008 skal leita samþykktar sýslumanns fyrir skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi var samþykkt á fundi stjórnar Listahátíðar í Reykjavík 19. október 2022.

Við staðfestingu á skipulagsskrá þessari fellur úr gildi eldri skipulagsskrá stofnunarinnar nr. 131/2009, með síðari breytingum nr. 985/2013, 458/2014 og 121/2017.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 1. nóvember 2022,*

**Björn Hrafnkelsson.**

*Auður Steingrimsdóttir.*